

Fundargerð

181. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 5. mars 2013 kl. 12¹⁵–13⁴⁰.

Viðstödd:	Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
	Bryndís Skúladóttir (BS)	
	Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)	Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
	Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)	Gestir: Hulda Ösp Atladóttir (HA) og
	Halldór Haraldsson (HH)	Eva Ómarsdóttir (EÓ) frá
	Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)	Samkeppniseftirlitinu (SKE)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Skilyrði Samkeppniseftirlitsins vegna smurolúsöfnunar
- (3) Breytingar á lögum um raftæki og raftækjaúrgang
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (180. fundar).

2. Skilyrði Samkeppniseftirlitsins vegna smurolúsöfnunar

Fulltrúar Samkeppniseftirlitsins (SKE), þær Hulda Ösp Atladóttir (HA) og Eva Ómarsdóttir (EÓ) mættu á fundin til fara yfir drög af skilyrðum stofnunarinnar vegna meðhöndlunar á smurolíúrgangi sem kynnt voru á síðasta stjórnarfundinum. GGÞ hafði forsögu á stöðu mála. Upplýst var að SKE hafi borist athugasemdir við drögin frá olúfélögunum og þau lögð fram á fundinum. Rætt var um stöðu mála og hvert yrði framhald málsins. Fulltrúar SKE sögðu að svar myndi berast aðilum máls innan fárra vikna vegna athugasemda sem komnar eru vegna draga af skilyrðum

HA og EÓ yfirlögðu fund kl. 13:30

3. Breytingar á lögum um raftæki og raftækjaúrgang

ÓK upplýsti fundarmenn um að frumvarpi á breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs (raftæki) nr. 55/2003 var skipt upp í tvö aðskilin frumvörp. Annars vegar frumvarp um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og hins vegar frumvarp um breytingar á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002. Síðara frumvarpið er í raun bara nýr viðauki, viðauki XIX, við úrvinnslugjaldslögin með tollnúmerum raftækja sem lagt verður á og tilgreind er upphæð úrvinnslugjalds við hvert tiltekið tollnúmer.

ÓK sagði frá öðru frumvarpi til breytingar á lögum 162/2002 um gjaldabreytingar sem nú er hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. ÓK og GGS mættu fyrir nefndina 4.3.2013. Þar kom fram hjá formanni nefndarinnar að ekki væri víst að frumvarpið næði fram að ganga fyrir þinglok.

Frumvarp um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs var kynnt í ríkisstjórn síðast liðinn föstudag, 1.3.2013. Ráðgert er að kynna gjaldafrumvarpið á ríkisstjórnarfundum þriðjudaginn 5.3.2013

4. Önnur mál

ÓK sagði frá því að Fjárslýsla ríkisins væri að ljúka vinnu sinni og bókhaldið færi því fljótlega til Ríkisendurskoðunar.

Næsti fundur ákveðinn 26.mars 2013.

Fundi slitið kl 13:40